
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2005-03
Fundartími: Þriðjudagur 5. apríl 2005 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Notkunarflokkar raforku 2004.
2) Aflþörf raforkukerfisins 2004.
3) Verklag varðandi birtingu gagna.
4) Stóriðja í raforkuspá og aðrar breytingar á spánni.
5) Markmið raforkuhóps.
6) Raforkuspá 2004.
7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:
Raforkuhópurinn: Eymundur Sigurðsson
Ívar Þorsteinsson
Agnar Árnason
Gunnar Aðalsteinsson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Fjarverandi: Pétur E. Þórðarson

- 1) IB sagði að notkunarflokkar væru komnir frá Orkubúi Vestfjarða, Norðurorku, Orkurveitu Húsavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur. Hann sagði að nokkrar tölur væru merktar með kW en ekki kWh í gögnum OR og væru þeir að athuga þetta. Hugsanlega væri villa í meðhöndlun aflmæla. GA ætlar einnig að athuga þetta betur.
- 2) IB sagði að aflagögn væru komin frá Rarik og Landsneti nema það vantaði þær virkjanir frá Landsneti þar sem ekki væri mælistöð og gögn því fengin frá kerfiráði. Þessum gögnum hefur verið lofað fljótlega. JV sagði að það vantaði gögn frá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.
- 3) Verklag um birtingu gagna raforkuhóps var samþykkt.
- 4) ES sagði að Landsnet hefði sent stóriðjufyrirtækjunum fyrirspurn um fyrirhugaða orkunotkun. Samkvæmt því mætti gera ráð fyrir 4. áfanga hjá Norðuráli en viðræður væru í gangi varðandi 5. áfanga en ekki hefði verið samið um orkukaup fyrir hann.

Einnig benti hann á hugsanelga álþéttaverksmiðju á Akureyri sem gæti notað um 70 MW en það dæmi væri þó mjög óljóst. ES ætlar að senda JV upplýsingar um orkukaup stóriðjufyrirtækjanna næstu árin þegar Landsnet verður búið að ganga frá þeim tölum.

Þú sagðist ekki hafa rætt við Þorkel um hans hugmyndir varðandi stóriðjuumfjöllun í raforkuspánni. Hann mun gera það fyrir næsta fund..

- 5) Engar athugasemdir komu við markmið raforkuhóps. Nokkur umræða var um það hvort breyta ætti tímasetningu raforkuspár svo hún væri tilbúin snemma sumars og byggði þá ekki á þjóðhagsáætlun sem kemur út í október eða ördum hagtölum sem ekki eru tilbúin snemma árs. Kostir og gallar eru við slíkt fyrirkomulag. ES nefndi að hugsanlegt væri að setja fram bráðabirgðaspá í júní og síðan endanlega spá í október/nóvember en slíkt kallaði á aukna vinnu. Ákveðið var að prófa þetta til reynslu í ár þar sem hópurinn er núna að ganga frá spá og að endurreikna hana síðan í haust og taka síðan ákvörðun í ljósi þeirrar reynslu..
- 6) Farið var yfir kafla 2 í raforkuspá. Nokkrar athugasemdir komu fram varðandi textann. ES nefndi að það þyrfti að koma skýrt fram fremst að miðað væri við eldra skipulag raforkukerfisins þar sem ekki lögju fyrir gögn í samræmi við nýtt skipulag. Hann benti einnig á samhengið milli raforkunotkunar og hagvaxtar og spurning væri hvort kæmi á undan, hagvöxtur eða aukin raforkunotkun.

Farið var yfir forsendur heimilisnotkunar í kafla 4 og benti JV á nýjar myndir með hagstærðum og orkunotkun. Mikil umræða var um það hvort þörf væri á að breyta forsendu um notkun á heimili í ljósi þróunar síðustu ára. Ákveðið var að útbúa mynd með þróun notkunar á heimili og ákveða síðan með þessa forsendu á næsta fundi. Ákveðið var að halda forsendu um sumarbústaði og rafbíla óbreyttri.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 3. maí 2005.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Verklag raforkuhóps orkuspárnefndar varðandi birtingu gagna frá orkufyrirtækjum. Drög 1.
- Markmið með starfi raforkuhóps. Drög 1.
- Kaflar 2, 3, 4, 5, 6, 8 og viðaukar í raforkuspá 2004.